

Fundargerð 942. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2024, föstudaginn 26. janúar kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Sigrún Sverrisdóttir, Kjartan Magnússon, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Guðmundur Ari Sigurjónsson, boðaði forföll, varamaður hans Sigrún Sverrisdóttir, mætti í hans stað. Hildur Björnsdóttir boðaði forföll, varamaður hennar Kjartan Magnússon mætti í hennar stað.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson og Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 941. fundar - 2309033SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 941. fundar stjórnar sambandsins frá 12. janúar 2024, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Fjárhagsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2024 - 2312017SA

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2024, ásamt greinargerð. Sviðsstjóri þjónustusviðs sambandsins gerði grein fyrir áætluninni.

Stjórn sambandsins samþykkir tillögu að fjárhagsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2024.

3. Fjárhagsáætlun Bakhjarls sambandsins 2024 - 2312018SA

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2024. Sviðsstjóri þjónustusviðs sambandsins gerði grein fyrir áætluninni.

Stjórn sambandsins samþykkir tillögu að fjárhagsáætlun Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2024.

4. Ársreikningur Bakhjarls sambandsins 2023 - 2401007SA

Lögð fram drög að ársreikningi Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023. Sviðsstjóri þjónustusviðs sambandsins gerði grein fyrir reikningnum.

Stjórn sambandsins samþykkir að vísa ársreikningi Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023 til endurskoðunar hjá löggiltum endurskoðanda sambandsins. Afgreiðslu ársreikningsins er frestað til næsta fundar.

5. Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga 2023 - 2401006SA

Lögð fram drög að ársreikningi Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023. Sviðsstjóri þjónustusviðs sambandsins gerði grein fyrir reikningnum.

Stjórn sambandsins samþykkir að vísa ársreikningi Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023 til endurskoðunar hjá löggiltum endurskoðanda sambandsins. Afgreiðslu ársreikningsins er frestað til næsta fundar.

6. Starfsáætlun stjórnar 2024 - 2312016SA

Lögð fram drög að starfsáætlun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2024. Formaður fór yfir helstu þætti áætlunarinnar.

Formanni falið að vinna áfram að málinu í samræmi við umræður á fundinum. Ákveðið að taka starfsáætlun stjórnar aftur til afgreiðslu á næsta stjórnarfundi.

7. Staða kjaramála - 2301032SA

Formaður samninganefndar sveitarfélaga gerði grein fyrir stöðu kjaramála í janúar 2024.

8. Kjaramálanefnd sambandsins - 2210010SA

Lagt fram sem trúnaðarskjal fundargerð 39. fundar kjaramálanefndar sambandsins frá 17. janúar 2024.

Valur Rafn Halldórsson vék af fundi kl. 14:10, Valgerður Rún Benediktsdóttir tók við ritun fundargerðar.

Einar Þorsteinsson vék af fundi kl. 14:15.

9. Dagskrá landsþings sambandsins 2024 - 2304024SA

Rætt um dagskrá landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga 2024 og hugsanleg áhersluatriði í umfjöllun landsþingsins.

Stjórn felur framkvæmdastjóra og formanni að halda áfram undirbúningi á grundvelli umræðu á fundinum.

10. Umsögn um frumvarp til laga um vindorku - 2401011SA

Lögð fram drög að umsögn sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 9. janúar 2024, um frumvarp til laga um vindorku, mál nr. S-1/2024. Flosi Hrafn Sigurðsson sérfræðingur á stjórnsýslusviði kom inn á fundinn undir þessum lið og fór yfir drögin.

Stjórn sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkir framlögð drög að umsögn með þeim athugasemdum sem fram komu á fundinum. Stjórn sambandsins telur framlagningu frumvarpsins og þingsályktunartillögu mikilvægt skref í átt að skýrara og einfaldara lagaumhverfi vegna uppbyggingar vindorkuvera. Nauðsynlegt sé að vinna leiðbeiningar vegna stjórnsýslu sveitarfélaga í tengslum við þær breytingar sem verða á hlutverki þeirra sem tengist leyfisveitingum vegna vindorkuvera, verði frumvarpið að lögum. Þá telur stjórn sambandsins nauðsynlegt að arður af rekstri vindorkuvera berist til þeirra sveitarfélaga sem verða fyrir áhrifum af vindorkuverum í samræmi við stefnumörkun sambandsins 2022-2026.

11. Frumvarp til laga um lokað búsetuúrræði - 2401028SA

Lagt fram minnisblað stjórnarsýslusviðs sambandsins, dags. 22. janúar 2024, um frumvarp til laga um lokað búsetuúrræði.

Stjórn sambandsins telur mikilvægt að brugðist sé við þeirri stöðu sem upp er komin vegna útlendinga sem fengið hafa endanlega synjun á umsókn sinni um alþjóðlega vernd hér á landi og eigi ekki rétt á þjónustu á grundvelli útlendingalaga. Skiptar skoðanir eru meðal sveitarfélaga á efni frumvarpsins en stjórn ítrekar þá afstöðu sem áður hefur komið fram að sveitarfélögum sé ekki skylt að veita þeim erlendu ríkisborgurum fjárhagsaðstoð sem vísað hefur verið úr þjónustu ríkisins í kjölfar synjunar á umsókn um alþjóðlega vernd. Þá leggur sambandið áherslu á að ef frumvarpið verður að lögum og lokuðu búsetuúrræði komið á fót verði haft samráð við sveitarfélögin um staðsetningu slíks úrræðis.

12. Málefni Grindavíkur - 2401030SA

Rætt um málefni Grindavíkur. Jafnframt lögð fram drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 (fasteignaskattur í Grindavíkurbæ).

13. Tilnefning í undirbúningsnefnd vegna afmælis sambandsins 2025 - 2401027SA

Rætt um hugmyndir að fulltrúum í undirbúningsnefnd vegna 80 ára afmælis Sambands íslenskra sveitarfélaga 2025.

14. Landssamband ungmennafélaga - samstarfsbeiðni - 2401032SA

Lagt fram bréf Landssambands ungmennafélaga, dags. 24. janúar 2024, þar sem óskað er eftir formlegu samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Stjórn þakkar fyrir erindi og felur formanni og starfsfólki að funda með LUF til að ræða fyrirkomulag verkefnisins. Málinu frestað til næsta fundar.

15. Skýrsla um kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk - 2205032SA

Lögð fram skýrslan Kostnaðar- og ábyrgðarskipting ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk - Áfangaskýrsla I, dags. í janúar 2024.

16. Endurtilnefning í reikningsskila- og upplýsinganefnd - 2104019SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 11. janúar 2024, þar sem Guðrún Torfhildur Gísladóttir, aðalbókari á fjármálasviði Seltjarnarnesbæjar, er tilnefnd í reikningsskila- og upplýsinganefnd.

17. Tilnefning í stýrihóp um málefni sýslumanna - 2312022SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 11. janúar 2024, þar sem Helga Björk Laxdal, skrifstofustjóri borgarstjórnar Reykjavíkurborgar, og Páll Magnússon, forseti bæjarstjórnar Vestmannaeyjabæjar, eru tilnefnd í stýrihóp um málefni sýslumanna. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

18. Umsögn um sjávarútvegsstefnu og frumvarp til laga um sjávarútveg - 2401016SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til matvælaráðuneytisins, dags. 17. janúar 2024, um sjávarútvegsstefnu og frumvarp til laga um sjávarútveg, mál nr. S-245/2023.

Fundi var slitið kl. 15:30